

81
30. ágúst

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um afstöðu dvalarsveitar fráskilinnar konu til framfærslusveitar mannsins og um innheimtu á van-goldnum barnsmeðlögum af mannsins hendi.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir skotið til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 27. maí s. l., sem ákveður, að Reykjavíkurbær eigi ekki endurgjaldsrjett hjá Grunnavíkurhreppi fyrir 200 kr., sem er 2ja ára meðlag með barni Reimars Eyjólfssonar, sveitlægs í nefndum hreppi, og fráskilinnar konu hans, greidd konunni úr bæjarsjóði, fyrir tímabilið 1. okt. 1923 til 1. okt. 1925, samkv. leyfisbrjefi handa persónum þessum til skilnaðar að borði og sæng, útgefnu af bæjarfógetanum í Reykjavík 31. maí 1919.

Hefir hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps synjað um endurgreiðslu upphæðar þessarar af því að fátækrastrjórn Reykjavíkur hafi eigi framkvæmt fátækraflutning á nefndum Reimari, þrátt fyrir gerða kröfu þar um af framfærslusveit hans, og hafið þjer í fyrnefndum úrskurði með tilvísun til 27. og 75. gr. fátækralaganna fallist á þessa skoðun hreppsnefndarinnar.

En þessi skilningur er ekki rjettur. Nýnefnd lagaákvæði lúta eingöngu að styrk, sem veittur er samkv. V. kafla fátækralaganna. Framfærsluskyldur skilfenginn eða óskilfenginn faðir lýtur ekki fátækrastrjórn dvalarsveitar móðurinnar, þótt hún hafi fengið úrskurðað eða umsamið meðlag hans greitt sjer af sveitinni, heldur ber framfærslusveitinni að leita beinlínis til lögreglustjóra á þeim stað, er faðirinn dvelur, ef hún vill og hefir rjett til að fá hann til sín til að vinna af sjer meðlögin. Þar sem enn fremur í þessu máli lögmælt skilyrði voru fyrir hendi til þess að móðirin fengi fúlguna greidda úr bæjarsjóði, á hann heimtingu á skilyrðislaust, að fá fúlguna endurgreidda af framfærslusveit föðurins.

Því úrskurðast: Grunnavíkurhreppur endurgreiði Reykjavíkurbæ umkrafðar 200 kr. í þessu máli.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps, og annist þjer um, að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.